

Vel heppnuð árshátíð LR

Sverrir Bergmann
kjörinn heiðursfélagi

ÁRSHÁTÍÐ LR VAR HALDIN LAUGARDAGINN 20. janúar í lok Læknadaga samkvæmt hefð. Þátttaka var mjög góð og mættu um 500 manns. Þótti kvöldið takast með afbrigðum vel.

Tekið var á móti gestum í Broadway með freyðivíni í fordrykk sem borinn var fram í flöskum er báru merki LR ásamt spaklegum kínverskum málsháttum. Formaður LR, Ólafur Þór Ævarsson, bauð gesti velkomna og kynnti veislustjóra kvöldsins þau Katrín Fjeldsted og Snorra Einarsson.

Heiðursgestir kvöldsins voru forseti læknaeildar Reynir Tómas Geirsson og frú. Árni Björnsson heiðursfélagi LR var viðstaddur ásamt eiginkonu sinni. Á árshátíðinni var Sverrir Bergmann gerður að heiðursfélagi LR og honum afhent heiðursskjal og þökkuað mörg og farsæl störf í þágu læknasamtakanna.

Matsæðillinn var glæsilegur og matur góður. Í aðalrétt var borin fram önd frá Frakklandi og var hún einstaklega ljúffeng. Boðið var upp á vonduð skemmtiatriði. Við komu lék hin þekktu hljómsveit Guitar Islandcio fyrir gesti. Örn Árnason og Jónas Þórir skemmtu með söng og leik með miklum tilþrifum og sýndur var glæsilegur argentínskur dans. Jón Steinar og félagar úr hópi lækna stjórnuaðu þróttmiklum fjöldasöng. Á eftir var stíginn dans eftir hljómfalli Milljónamæringanna með söngvarana Bjarna Arason og Ragnar Bjarnason í fararbroddi.



Ánægjulegt var hversu góð stemming var á staðnum og þátttaka góð. Ljóst er að sú hefð að skólafélagarnir úr læknaeildinni sitji saman við borð og skemmti sér saman þetta kvöld er aftur að festast í sessi. Sérstaklega var ánægjulegt að unglæknarnir voru með og einnig margir læknar af landsbyggðinni. Einnig er vitað að nokkrir íslenskir læknar búsettir erlendis komu heim sérstaklega til að skemmta sér með okkur þetta kvöld. Er vel til þess að vita.

ÓLAFUR ÞÓR ÆVARSSON
formaður Læknafélags Reykjavíkur

Margrét Georgsdóttir stjórnarmaður í LR, Sverrir Bergmann nýkjörinn heiðursfélagi LR og Runólfur Pálsson stjórnarmaður í LR hlýða á formanninn Ólaf Þór Ævarsson ávarpa Sverri áður en honum var afhent heiðursskjalið. Allar ljósm.: Inga Sólveig Friðjónsdóttir.



Árshátíðargestir: Þorvaldur Ingvarsson, Hannes Petersen, Rolf Johannsson frá Lundi og eiginkona hans, Harpa Kristjánsdóttir eiginkona Hannesar og Rúna Alexandersdóttir eiginkona Þorvaldar.



Veislustjórnarnir Katrín Fjeldsted og Snorri Einarsson.